

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins sem var frestað á fundi skóla- og frístundasviðs 23. október 2018:

Flokkur fólksins leggur til að skóla- og frístundaráð beiti sér fyrir því að menntamálaráðuneytið samþykki að skák verði kennd í grunnskólum. Skák er því miður ekki komin á námskrá grunnskólanna í Reykjavík, þótt tvær nefndir á vegum menntamálaráðuneytisins hafi mælt eindregið með því. Rannsóknir hafa sýnt að samhengi er á milli námsárangurs og skákkunnáttu. Hafa skal í huga að skák er einstök hvað varðar svo ótal margt. Skák þjálfar m.a. sjónminni og sjónræna rökhugsun, þjálfar barn í að hugsa sjálfstætt, viðhafa gagnrýna hugsun, fást við óhlutbundin viðfangsefni og finna rökleg tengsl. Þannig leggur skákíþróttin svo ótal margt á vogarskálar þroska barns sem hana stundar. Auk einbeitingar og sjálfsaga sem skákin krefst, þá auðgar íþróttin ímyndunaraflíð og iðkendur læra að hugsa í lausnum. Skákíþróttin kallar á hugrekki, að þora að taka ákvörðun og hún þjálfar iðkendur í að lesa í, greina og meta stöðu. Félagslegur ávinningur þeirra sem stunda skákíþróttina á sér einnig margar hliðar. Tengsl myndast þótt aðilar hafi það eina markmið sameiginlegt, að tefla skák. Þannig getur skákborðið laðað að börn frá gjörólíkum menningarheimum. Kennarar og skólastjórnendur eru margir hlynntir skákkennslu, og víða í Reykjavíkurskólunum er unnið gott starf. Skák þarf hins vegar að komast inn á námskrá, 1 kennslustund í viku ef vel ætti að vera.



Reykjavík, 7. desember 2018

SFS2018100193

150. fundur

HG/sp/geb

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu fulltrúa Flokks fólksins um skákkennslu í grunnskólum

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar og Taflfélag Reykjavíkur hafa í áratugi staðið saman að skákmótum tvisvar á ári fyrir börn og unglinga í grunnskólum borgarinnar. Þátttaka hefur verið stigvaxandi síðastliðin ár og er keppt í tveimur aldursstigum þ.e. sveitakeppnir yngri flokks 1. – 7. bekkur og eldri flokkur 8. – 10. bekkur.

Grunnskólar Reykjavíkur eiga aðgang að leiðbeinendum úr hópi skákanna og hefur meiri hluti grunnskólanna nýtt sér þá sem kennara í skák á skólatíma. Misjafnt er hvernig kennslan er skipulögð en yfirleitt eru það skólayfirvöld sem leggja línuna. Skák getur verið kennd sem valgrein á unglingastigi, í e.k. hringekju í yngri bekkjum, í heilum bekkjum eða stuttum námskeiðum þar sem allir fá að spreyta sig. Koma má skákinni inn í stærðfræðikennslu og nota til þess sérstakt skákkennsluefni eða tengja við ákveðna námsþætti í stærðfræði. Þá er skákiðkunn almenn í starfi frístundaheimila og eins í félagsmiðstöðvum.

Leitað var upplýsinga hjá skólastjóra Rimaskóla en árangur skólans í skáklistinni hefur vakið athygli og aukið orðspor skólans innan lands sem utan. Í Rimaskóla kemur skákkennari frá Skákakademíu Reykjavíkur vikulega í skólann og kennir nemendum í 1. – 7. bekk og 5 manna valhóp á unglingastigi. Áhersla er lögð á að bjóða þeim nemendum sem eru áhugasamastir og færastir upp á markvissa kennslu í skák en líka horft til þess að allir nemendur fái kynningu og læri mannganginn. Þeir sem teljast til fyrri hópsins eru þeir sem sækja síðan skákæfingar hjá íþróttafélaginu Fjölni utan skólatíma.

Erfitt er hins vegar að skylda skóla til að sinna skákkennslu tiltekinn tíma á viku hverri, hvorki er svigrúm til þess miðað við viðmið aðalnámskrár um kennslustundamagn né tryggt að grunnskólakennarar hafi sérþekkingu á þessu sviði. Skákkennarar eru fáir og víða hefur gengið illa að fá grunnskólakennara til að taka að sér skákkennslu meðal yngstu nemendanna þrátt fyrir að til sé kennsluefni og fjármagn frá skólayfirvöldum til að koma á skákkennslu.

Sviðið telur hins vegar eðlilegt að börn séu hvött til skákiðkunar og það svigrúm notað sem gefst bæði í skóla- og frístundastarfi og að skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar séu í samstarfi við svæðabundin skákkfélög til að leiðbeina skákiðkendum og styðja við skákíþróttina í skólastarfi. Þá er mælt með því að þeir grunnskólar sem hafi til þess bæra kennara í skák bjóði upp á skákkennslu á skólatíma innan þess svigrúms sem aðalnámskrá gefur.